

JÚLIUS BRJÁNSSON

Hefur uppgötvað snilld Soda Stream-tækisins

• heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR

Fallegt og nýlegt raðhús á einni hæð

FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



EGILL BJARNASON

Hélt jólin í Jemen

Áramótin liðu á bökkum Nílarfjots
FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

PITT

4. janúar 2010 – 2. tölublað – 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Við hestaheilsu

Davíð Scheving Thorsteinsson er áttæður í dag.
TÍMAMÓT 16



Elin eignast sand af seðlum

Tiger Woods gaf fráfarandi eiginkonu sinni milljarða í jólagjöf.
FÓLK 24



Ár réttlætis


„Mikið uppbyggingarstarf er enn fyrir höndum og mikilvægt er að vanda til verka,“ skrifar Katrín Jakobsdóttir.
Í DAG 12

Leeds lagði Man. Utd

Englands-meistarar Man. Utd töpuðu fyrir C-deildarliði Leeds Utd. í enska bikarnum.
ÍÞRÓTTIR 26



VEÐRIÐ Í DAG



STREKKINGUR AUSTAST Í dag verður norðanstrekkur austast á landinu fram á kvöld en annars yfirleitt mun hægari. El austan til en léttskýjað sunnan- og vestanlands. Frost víðast á bilinu 0-12 stig.
VEÐUR 4

Fíkniefnasalar heimsækja sprautufíkla á Landspítala

Yfirlæknir smitsjúkdómadeildar Landspítalans segir að einn til fjórir sprautufíklar séu til meðferðar á hverjum einasta degi ársins. Mun meiri harka sé í heimi fíkniefnaneytenda nú en var fyrir nokkrum árum.

HEILBRIGÐISMÁL Starfsfólk smitsjúkdómadeildar Landspítalans segir að harka og virðingarleysi á meðal sprautufíkla fyrir eigin heilsu og annarra sé langt umfram það sem áður hefur sést. Már Kristjánsson yfirlæknir segir starfsaðstæður á deildinni oft með öllu óviðunandi. Sprautufíklar sem eru til meðferðar boða til sín fíkniefnasala inn á sjúkrahúsið þrátt fyrir að vera lífshættulega veikir.

„Það er tilfinning okkar sem sinnum þessum hópi að harkan færast mjög í aukana og yfirleitt meiri óvægni í gangi en hefur verið. Það eru sögur sem ganga á

milli fíkniefnaneytendanna sjálfra um að HIV-smitaðir sprautufíklar séu að sprauta aðra og sýni mikla óvarkárni. Auðvitað eru fórnarlömb fíknarinnar meðvituð um hættuna en okkur finnst þetta hafa aukist mjög og að harkan sé að ná nýjum hæðum,“ segir Már. Hann segir að ekki líði sá dagur þar sem ekki séu einn til fjórir sjúklingar á deildinni með vandamál sem tengjast sprautufíkn og í lok ársins hafi fimm ný tilfelli af HIV-sýkingum, sem tengjast sprautufíkn, verið greind.

Eðli málsins samkvæmt fylgja sprautufíklum vandamál á deild sjúkrahúss. Sprautufíklar boða

til dæmis ítrekað til sín fíkniefnasala inn á deildina og er dauðsfall á deildinni árið 2007 rakið til slíkrar heimsóknar.

„Vandinn liggur í því að deildin er opin legudeild þar sem háaldrað fólk liggur með tilfallandi veikindi. „Þetta fólk liggur í næsta herbergi við langt leidda sprautufíkla. Þeir eiga ekki í neinum vandræðum með að boða þá sem selja fíkniefni á stefnumót við sig og gera það ítrekað þrátt fyrir hótanir um að þeim verði vísað á dyr. Þetta er ófremdarástand, satt best að segja.“

Már segir jafnframt að sprautufíklum séu hæg heimatökin við

neyslu inni á spítalanum. Það fyrsta sem verður að gera til að meðhöndla sýkingu er að setja upp opinn krana vegna lyfjameðferðar. Hann sé hins vegar notaður til neyslu fíkniefnanna.

Um 700 virkir sprautufíklar eru nú á Íslandi að mati sérfræðinga á sjúkrahúsinu Vogu. Á sex árum hefur hlutfall langt leiddra fíkla sem leita aðstoðar á bráðamóttöku LSH aukist um sextíu til áttatíu prósent.

„Ég hef fyrst og fremst áhyggjur af þjóðfélaginu okkar og ekki mun ástandið batna ef vonleysi færast í aukana við versnandi félagslega stöðu fólks,“ segir Már.
- shá



GAMAN Í SNJÓNUM Í bænum Schoorl í Hollandi notaði fólk á öllum aldri sér góða veðrið í gær og skemmti sér hið besta í snjónum á sleðum og rasspötum.
NORDCIPHOTOS/AFP

Heppinn vinningshafi í Eyjum: Vann á alla raðir lottómiðans

HAPPDRÆTTI Lánið lék svo sannarlega við vinningshafann í Lottóinu á laugardagskvöld. Vinningshafinn var ekki einungis með fimm aðal-tölurnar réttar, heldur vann hann einnig annan af tveimur bónusvinnungum kvöldsins og var með fjóra rétta í þremur öðrum línum. Stórir vinningar komu því upp í hverri línu fimm raða miðans, sem var keyptur í Tvistinum í Vestmannaeyjum. Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar getspár sagðist ekki muna eftir öðrum eins miða í íslenska lottóinu.

„Þetta er mjög spes, viðkomandi virðist nota einhverja ákveðna daga sem grunntölur, afmælisdaga get ég mér til um, og bregður aðeins út af tölunum í hverri línu. Þetta er alveg frábært hjá honum, hann hefur aldeilis grísað á okkur.“ Vinningshafinn hafði ekki enn gefið sig fram seint í gærkvöldi en hann vann samtals 10,3 milljónir króna.
- jma

Beðið eftir ákvörðun forseta Íslands um staðfestingu á Icesave-lögunum:

Forsetinn enn undir feldi

STJÓRNMÁL Enn er beðið ákvörðunar forseta Íslands varðandi ný lög um ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna. Búið er við að forsetinn upplýsi í dag hvort hann staðfesti lögin eða ekki.

Staðfesti hann ekki lögin taka þau strax gildi en verður vísað til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Örnólfur Thorsson forsetaritari gat í gærkvöldi ekki sagt til um

hvenær yfirlýsingar væri að vænta frá embætti forseta Íslands.

Heimildir Fréttablaðsins innan stjórnkerfisins herma að skrifi forsetinn ekki undir sé samningur Íslendinga við Breta og Hollendinga vegna Icesave fallinn um sjálfan sig og verði því vart kosið um hann í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra var fáorður í sam-

tali við Fréttablaðið í gærkvöldi. Hann vildi sem minnst segja og vísaði á að boltinn væri hjá forsetanum og það væri hans að tjá sig við fjölmiðla.

Eiríkur Tómasson lagaprófessor metur það svo að taki forsetinn sér lengri umþóttunartíma en til dagsins í dag kunni hann að verða brotlegur við stjórnarskrána.

- óká, kóp / sjá síðu 4

71,4%

29,3%

MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 - 49 ára. Könnun Capacent í ágúst 2009 - október 2009.

Kafbátur mánaðarins • janúar

6 tommu bátur 379 Krónur

skinkubátur SUBWAY

7 kafbátar með 6 grómm af ritu... HjartaHeill

Egill Arnason 75 ára

JUNCKERS PARKET

Ármúla 8 | Sími: 595 0500

Fjölbreyttar sparnaðarleiðir við allra hæfi

Eignastýring Íslandsbanka býður fjölbreytta og góða fjárfestingarkosti

Eignastýring Íslandsbanka er leiðandi á íslenskum markaði með hundruð milljarða króna í eignastýringu og vörslu fyrir tugi þúsunda viðskiptavina. Eignastýring býður upp á fjóra skuldabréfasjóði Íslandssjóða sem henta mismunandi þörfum og markmiðum. Hægt er að fjárfesta í einstaka sjóðum eða raða þeim saman til þess að byggja upp safn sem hentar þörfum hvers og eins og dreifa áhættu.

Virk stýring innlána og stuttra verðbréfa

Veltusafnið er nýr sjóður sem fjárfestir í innlánnum og skammtímaverðbréfum. Sjóðurinn hentar þeim sem þurfa að ávaxta sparnað til skamms tíma. Ráðlagður fjárfestingartími í sjóðnum er 1 mánuður eða lengur. Laus með 1 dags fyrirvara.

Ríkisskuldabréf og innlán fjármálastofnana

Ríkissafnið fjárfestir eingöngu í skuldabréfum og víxlum með ábyrgð ríkissjóðs og innlánnum. Ráðlagður fjárfestingartími í sjóðnum er 1 ár eða lengur. Laus með 1 dags fyrirvara.

Góð dreifing á ríkisskuldabréfamarkaði

Ríkisskuldabréf – sjóður 5 fjárfestir eingöngu í verðtrygðum og óverðtrygðum skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs. Ráðlagður fjárfestingartími í sjóðnum er 2 ár eða lengur. Laus með 1 dags fyrirvara.

Verðtryggður kostur

Löng ríkisskuldabréf – sjóður 7 fjárfestir í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs. Sjóðurinn hentar þeim sem vilja tryggja sig gegn verðbólgu án bindingar og þeim sem vilja ávaxta sparnað sinn í ríkistrygðum eignum. Ráðlagður fjárfestingartími er 3 ár eða lengur. Laus með 1 dags fyrirvara.

Veldu sjóði sem endurspeglar þínar þarfir


Ofangreindir sjóðir bjóða upp á fjölbreytta samsetningu sparnaðar. Sérfræðingar Eignastýringar veita sérhæfða ráðgjöf um sparnaðarleiðir sem tekur tillit til fjárhagsstöðu, þekkingar, reynslu og markmiða viðskiptavina.

Eignastýring Íslandsbanka óskar landsmönnum árs og friðar. **Í tilefni af áramótum er veittur sérstakur nýársafsláttur í ríkisbréfasjóðum bankans frá 28. desember til 15. janúar.** Nánari upplýsingar eru veittar í síma 440 4920.

Kynntu þér nánar fjárfestingarstefnu sjóðanna á www.islandssjodir.is. Þessir fjórir sjóðir eru skilgreindir sem verðbréfasjóðir skv. lögum.

Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð. Hafa ber í huga að eign í verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði getur bæði hækkað eða lækkað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra. Veltusafn, Ríkissafn, Ríkisskuldabréf – Sjóður 5 og Löng ríkisskuldabréf – Sjóður 7, eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag sjóðanna. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Íslandsbanka hf., www.islandsbanki.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðanna og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti, fjárfestingarstefnu og vökmörk.

Fjárfestingarkostir með mismunandi ávöxtunartíma



eignastyring@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4920


Íslandsbanki



Cambio

D&G

Armani Collezioni

Odermark

JOOP!

Paco Gil

Paolo de Ponte

ÚTSALAN

HEFST Á MORGUN

30-60% AFSLÁTTUR

Schumacher

Stenströms

Etro

Prada

Miu Miu

Eton

René Lezard



sævar karl • *reykjavík*

bankastræti 7

101 reykjavík

sími 551 3470



KJÖRKASSINN



Varstu ánægð(ur) með Áramótaskaupið?

Já	80,6%
Nei	19,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ertu sátt(ur) við að Ólafur Ragnar tók sér umhugsunarfrest?

Segðu þína skoðun á Vísir.is



Erlendir fjölmiðlar fylgjast grannt með framvindu lagasetningar vegna Icesave:

Segja að Íslendingar vilji ekki borga

STJÓRNMÁL Erlendir fjölmiðlar hafa um helgina flutt fjölda fréttu af biðstöðunni sem uppi er vegna nýrra Icesave-laga.

Breska ríkisútvarpið, BBC, segir fjórðung kjósenda hér hafa skrifað undir ákall um að fallið verði frá fyrirætlunum um að greiða erlendum innstæðueigendum þá 3,8 milljarða evra sem þeir hafi átt inni við fall íslensku bankanna.

Norrænir miðlar hafa greint frá málum hér, sem og fjölmiðlar í Bandaríkjunum og fréttastöðin Al Jazeera.

BBC býður lesendum á fréttavef sínum að tjá sig um málið og hefur fjöldi lesenda, jafnt íslenskra sem erlendra gert það. Þannig segir einhver, sem kallar sig „Tverhaus“ í Reykjavík, rangt að Íslendingar vilji ekki borga Icesave-skuldina, þeir vilji bara

ekki greiða 5,5 prósent vexti af skuldinni.

Erlendir lesendur síðunnar eru sumir hverjir jákvæðir í garð Íslendinga og hafa samúð með málstað þeirra sem mótmælt hafa Icesave-samningunum. Er því jafnvel haldið fram að innstæðueigendurnir erlendu hefðu fremur átt að vera í öruggari fjárfestingum og aukinheldur eðlilegt að þegar lands vilji ekki greiða fyrir skuldir einkarekinnar banka.

Þetta er þó ekki algilt. „Við í Bretlandi þurfum að greiða fyrir mistök og græðgi stjórnda banka hér. Af hverju ættu Íslendingar ekki að standa skil á misgjörðum banka sinna?“ spyr P. Darlington í Bretlandi og Carol Truro bendir á að Bretar þurfi líka að hækka skatta og skerða opinbera þjónustu vegna útgjalda til að bjarga bankakerfinu þar.



MINNT Á ICESAVE Hollenskir fótboltaáhangendur minna á Icesave-deiluna á leik Íslands og Hollands sem fram fór í Rotterdam 11. október. NORDICPHOTOS/AFP



REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR
Akureyringar vilja samgöngumiðstöð á flugvöllinum.

Bæjarstjórn Akureyrar:

Flugvöll þarf í Vatnsmýrinni

SVEITARSTJÓRNIR Bæjarstjórn Akureyrar hefur skorað á samgöngufyrirvöld og Reykjavíkurborg að hraða eins og kostur er uppbyggingu samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkflugvöll. Löngu tímabært sé að endurnýja aðstöðuna þar.

Þá skora Akureyringarnir á borgarstjórn Reykjavíkur að endurskoða áform um að leggja niður flugvöllinn í Vatnsmýri. „Nálægð flugvallarins við fyrirhugað hátækni sjúkrahús við Hringbraut tryggir sjúklingum með sjúkraflogi sjálfsagðan og öruggan aðgang að bráðalæknisþjónustu þar sem hver mínúta er dýrmæt. Almennt farþegaflug af landsbyggðinni til Keflavíkur er útilokað vegna fjarlægðar til höfuðborgarinnar,“ segir bæjarstjórnin. -gar

Rólegheit hjá lögreglunni:

Enginn ölvunarakstur

LÖGREGLUMÁL Helgin var óvenju róleg hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Enginn var tekinn fyrir ölvunarakstur sem er sjaldgæft um helgar og sér í lagi þegar helgin er löng. Útköll voru einnig fá og fór skemmtanahald vel fram en að sögn lögreglunnar bar helgin þess ekki keim að skemmtistaðir voru opnir þrjá daga í röð.

Eitthvað var um minni háttar árekstra en engin slys urðu á fólki. Þá hafði lögreglan fregnir af fáum slysum vegna skotelda og öll voru þau minniháttar. -jma

Frekari rannsóknir verði á Drekasvæði

Sérfræðingar olíufyrirtækja vilja frekari rannsóknir á Drekasvæðinu áður en farið verði í nýtt útboð. Leitað verður leiða til að rannsaka með sem minnstum viðbótarkostnaði segir orkumálastjóri. Segir tímann vinna með Íslendingum.

ORKUMÁL Æskilegt væri að bæta rannsóknir á Drekasvæðinu áður en farið verður í útboð á leit og vinnslu olíu á ný, að mati sérfræðinga erlendra olíufyrirtækja. Þetta kom fram í jólaávarpi Guðna A. Jóhannessonar orkumálastjóra til starfsmanna Orkustofnunar.




GUÐNI A. JÓHANNESSON

Tvö fyrirtæki sem sótt höfðu um leyfi til rannsókna og vinnslu á olíu og gasi á svæðinu drógu tilboð sín til baka síðastliðið haust. Í kjölfarið voru teknar upp viðræður við fyrirtæki sem sendu inn tilboð, fyrirtæki sem lögðu í greiningarvinnu en sendu ekki inn tilboð, og fyrirtæki sem ekki höfðu áhuga á útboðinu, segir Guðni í samtali við Fréttablaðið.

„Við erum að reyna að skapa okkur sem besta mynd af því hvernig við eigum að haga framhaldinu. Við ætlum ekki að hlauða í nýtt útboð fyrr en við eigum von á jákvæðum undirteknum,“ segir Guðni. Hann tekur þó fram að komi fyrirtæki og lýsi áhuga á ákveðnum hluta svæðisins verði hægt að setja þau í útboð.

Starfsmenn Orkustofnunar áttu nýverið fundi með sérfræðingum rúmlega tíu fyrirtækja í olíuöndunum, segir Guðni. Rætt hafi verið við starfsmenn þróunardeilda olíufyrirtækja, en einnig sérfræðinga hjá fyrirtækjum sem



DREKASVÆÐI Æskilegt væri að bæta rannsóknir á Drekasvæðinu áður en farið verður í útboð á leit og vinnslu olíu á ný.

sérhæfa sig í að rannsaka vænleg svæði, og selja svo olíufyrirtækjum niðurstöður sínar.

Á þeim fundum kom fram að æskilegt væri að gera nákvæmari hljóðbylgjumælingar á hafsbotni á Drekasvæðinu, auk þess sem taka ætti sýni af hafsbotni til að reyna að sjá merki um kolvetni.

Guðni segir að með því hafi verið mælt með því að það net rannsókna sem nú sé fyrir hendi verði þétt. Viðræðum við áhugasöm fyrirtæki verði væntanlega haldið áfram á næstunni, meðal annars til að kanna hvernig hægt

sé að gera viðbótarrannsóknir með sem minnstum tilkostnaði.

Guðni segir enga örvæntingu hafa gripið um sig á Orkustofnu þrátt fyrir að bæði fyrirtækin sem sóttu um leyfi til rannsókna og vinnslu á Drekasvæðinu hafi dregið tilboð sín til baka. Ástandið á fjármagnsmörkuðum sé þannig að eðlilegt sé að fara sér rólega.

„Tíminn vinnur með okkur, fyrr eða síðar fara menn á þetta svæði með meiri alvöru, en reynsla annarra þjóða sýnir að það getur tekið einhvern tíma,“ segir Guðni. -bj



HERJÓLFUR Ökumaður og farþeginn voru í haldi vegna rannsóknar á fíkniefnaflutningi með Herjólfí.

Með fíkniefni í Herjólfí:

Kókaínmaður lagði á flóttu

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Vestmannaeyjum tók rétt fyrir áramót 40 til 50 grömm af kókaíni sem farþegi, er kom þangað með Herjólfí, hefur jafnað að hafa átt.

Við komu Herjólfis hafði lögreglan afskipti af ökumanni bifreiðar og farþega hennar vegna gruns um fíkniefnamisferli. Þegar fíkniefnahundurinn Luna var að leita í bifreiðinni tók ökumaðurinn til fótanna. Lögreglumen veittu honum eftirför og fengu meðal annars aðstoð frá ökumanni bifreiðar sem átti þar leið hjá. Lögreglumen sáu hvar maðurinn sem þeir voru að elta henti frá sér pakka. Maðurinn var síðan hlaupinn uppi. Hann var handtekinn og færður á lögreglustöðina. Í pakkanum reyndust vera 40 til 50 grömm af ætluðu kókaíni. Maðurinn viðurkenni við skýrslutöku að eiga efnin og hafa ætlað þau til sölu í Vestmannaeyjum. -jss

LÖGREGLUMÁL

Eldur sem kraumaði

Greiðlega gekk hjá Slökkviliði Árborgar að slökkva eld sem kraumaði í blaðagámi við Vallaskóla á Selfossi laust eftir hádegi á nýársdag. Árvökulir vegfarendur tóku eftir því að rauk úr garðum og létu vita, en með því var forðað skemmdum á gámnum og nærumhverfi.

Greiðendur fasteignagjalda athugið!

Greiðsluseðlar vegna fasteignagjalda verða ekki sendir út til greiðenda 18-67 ára. Fasteignagjöldin verða framvegis innheimt í gegnum heimabanka þar sem jafnframt er hægt að prenta út greiðsluseðil.


Á vef Reykjavíkurborgar geta fasteignaeigendur: Skoðað álagningarseðil fasteignagjalda fyrir árið 2010 (eftir 25. jan. nk.) og alla breytingaseðla þar á eftir • afpantað álagningarseðla og breytingaseðla í pósti • skráð sig í boðgreiðslu fasteignagjalda • valið einn eða níu gjalddaga fasteignagjalda til 20. janúar 2010 • gefið upp reikningsnúmer ef til endurgreiðslu kemur • óskað eftir að fá senda greiðsluseðla fyrir fasteignagjöldum

Nánari upplýsingar og aðstoð má fá með því að senda fyrirspurn á netfangið fasteignagjald@reykjavik.is eða í síma 411 1111.



Reykjavíkurborg

www.reykjavik.is



Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Skráðu þig í tölvunám Menntun sem gefur þér forskot

Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og um 40.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á 24 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmunum nemenda.

Microsoft
CERTIFIED
Partner

PEARSON
VUE
Microsoft
SELECT

PROMETRIC
Testing Centre

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:



Tölvunám fyrir 50+ Dag-, síðdegis- eða kvöldnám

Skemmtilegt nám, miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu, sem hentar jafnt þeim sem hafa stigið sín fyrstu skref og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, Internetið, tölvupóstur og stafræn ljósmyndun

Verð: 64.900 Stundir/einingar: 72/3



Tölvuþekking fyrir konur Kvöld- eða síðdegisnám

Einstakt nám til að ná færni í notkun tölvu í leik og starfi. Stigðu rétta skrefið og lærðu á Windows, ritvinnslu í Word, töflureikninn Excel, Internetið og tölvupóst á skemmtilegu námskeiði í notalegu umhverfi. Nám sem kemur þér skemmtilega á óvart.

Verð: 54.900 Stundir/einingar: 60/3



Almennt tölvunám Morgun-, síðdegis- eða kvöldnám

Frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt nám um allt það helsta sem gert er með tölvum. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, PowerPoint, tölvupóstur og Internetið. Gagnleg verkefni leyst sem nýttast heima og í vinnu.

Verð: 74.900 Stundir/einingar: 90/4



Stafræn ljósmyndun Dag-, síðdegis eða kvöldnám

Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa á geisladisk til eignar eða gjafa og senda með tölvupósti, allt með Picasa.

Verð: 16.900 Stundir: 13



Hagnýtt bókhaldsnám Morgun- eða kvöldnám

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað er öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Hefðbundið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum.

Verð: 99.900 Stundir/einingar: 94/4



Hagnýtt bókhaldsnám II Morgun- eða kvöldnám

Framhaldsnámskeiði í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flóknaði færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi til að vinna upplýsingar úr þeim og geta gengið frá sundurlöðnum til skattauppgjörs og ársreikningagerðar endurskoðanda.

Verð: 79.900 Stundir/einingar: 60/3



Tölvu- og bókhaldsnám Morgun- eða kvöldnám

Einstakt nám þar sem þú færð góðan undirbúning fyrir starf á skrifstofu eða í eigin rekstri. Námsgreinar: Upplýsingatækni, fingrasetning, Word, Excel, PowerPoint, Outlook, Internetið, bókhald, tölvubókhald og verslunarreikningur. Viðurkennd evrópsk próf, ECDL, innifalin.

Verð: 189.900 Stundir/einingar: 260/13



Photoshop Elements Morgun- eða kvöldnám

Frábært nám fyrir þá sem vilja gera góðar ljósmyndir ennþá betri með Photoshop Elements. Lagfærðu og breyttu myndum, flokkaðu þær, prentaðu og settu þær á vefinn. Frábært framhald fyrir þá sem kunna á Picasa.

Verð: 18.900 Stundir: 13



MCITP Windows 2008 kerfisstjórnun Síðdegisnám eða fjarnám

Krefjandi og gefandi nám sem býr þig undir alþjóðleg próf og starf sem Microsoft Certified Server Administrator (MCITP). Námið er þriggja áfangar og er hægt að taka einn, tvo eða alla áfangana í einu (MCTS). Námið opnar þér nýjar dyr að áhugaverðu og spennandi starfi.

Verð: 269.900 Stundir/einingar: 180/9



Vefhönnun og margmiðlun Síðdegisnám

Spennandi og skemmtilegt nám sem gefur þér það sem þú þarft til að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík. Námsgreinar: Hönnun vefja, HTML, DreamWeaver, Photoshop I og II, Flash og Action Script í Flash. Námið er 5 áfangar og er hægt að taka einstaka áfangana.

Verð: 129.900 Stundir/einingar: 108/5



Visual C# .NET forritun Kvöldnám eða fjarnám

Frábært nám fyrir þá sem vilja læra vinsælasta forritunarmálið. Hnitmiðað og yfirgrípsmikið nám sem undirbýr þig fyrir krefjandi starf við forritunarverkefni og alþjóðlega próftöku í forritun. ASP vefforritun er hluti af náminu en hægt er að sækja eingöngu ASP vefforritun.

Verð: 159.900 Stundir/einingar: 94/4

Þetta er aðeins brot af þeim námskeiðum sem eru í boði hjá okkur!
Skoðaðu nánar á www.tv.is

Einka- og hópkenndsla

Fáðu einkakennslu til að ná betri tökum á tölvunni og þeim forritum sem þú notar. Hagstætt verð fyrir hópa á sérnámskeiði.

Gott að vita!

- ▶ VR, Efling og flest önnur stéttarfélag **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- ▶ **Afsláttur** er veittur atvinnulausum og til félaga í VR, Eflingu, SFR og mörgum öðrum félögum
- ▶ 30 daga ókeypis **símabjónusta** að loknu námi
- ▶ Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- ▶ **Vinnuálastofnun** styður atvinnulausa til náms hjá okkur skv. reglum stofnunarinnar.
- ▶ Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar**.

Tölvunám TV til betri verka

- hringdu núna í síma 520 9000
- eða fáðu nánari upplýsingar á www.tv.is



TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða plata var valin plata síðasta árs af dómnefnd Fréttablaðsins?
2. Hvað heitir grínhópurinn sem heimsótti Litla-Hraun?
3. Hvað heitir leikstjóri Áramótskaupsins?

SVÖRIN ERU Á Síðu 30

Sue Townsend, höfundur Dagbókar Dadda, vekur athygli á líffæraskorti:

Nýra frá syni bjargar höfundi

BRETLAND Lífi breska rithöfundarins Sue Townsend var bjargað fyrr á þessu ári þegar í hana var grætt nýra úr elsta syni hennar. Townsend greindi frá aðgerðinni nú skömmu fyrir áramótin til að styðja starfsemi bresku nýrnasamtakanna og vekja athygli á sárum skorti á líffærum til ígræðslu.

Townsend bendir á að í Bretlandi einu bíði nú um tíu þúsund manns eftir nýrnaígræðslu, en þar af deyi þrjár á degi hverjum. Af þeim 1.500 sem fengu grætt í sig nýra þar í landi í fyrra fékk þriðjungurinn líffærið frá ættingja.

Sue Townsend varð heimsfræg snemma á níunda áratug síðustu



SUE TOWNSEND Rithöfundurinn góðkunnur var heiðraður af samtökum fatlaðra í Bretlandi í haust. Hún hefur verið lögblind í fimm ár og er bundin við hjólastól.

MYND/ABILITY MEDIA

aldar fyrir Dagbókina hans Dadda, (The Secret Diary of Adrian Mole), en af henni spannst átta bóka röð

um Dadda þar sem honum var fylgt fram á fullorðinsár. Frú Townsend er nú 63 ára og gantast með að hún hafi þrjú nýru. „Þótt sonur minn tali nú enn um nýrað sitt,“ segir hún í viðtali við dagblaðið Leicester Mercury í Bretlandi.

Aðgerðin gekk ekki áfallalaust hjá Townsend, því nýrað starfaði ekki í fyrstu, var tekið úr og sett í aftur. Hún var því átta tíma á skurðarborðinu. Sykursýki varð til þess að hennar eigin nýru hættu að virka.

„Fjölskylda mín kom saman, án samráðs við mig, og ákvað hver ætti að gefa nýra,“ sagði Townsend við dagblaðið Independent.

- óká

Stigalisti FIDE:

Magnus Carlsen stigahæstur

SKÁK Hinn nítján ára gamli Norðmaður, Magnus Carlsen, er stigahæsti skákmaður heims. Enginn svo ungur hefur náð efsta sætinu í skáksögunni. Nýr stigalisti Alþjóðskáksambandsins, FIDE, var gefinn út um áramót. Þar er Carlsen efstur með 2810 stig. Næstur er Búlgarinn Veselin Topalov, sem var í efsta sæti, með 2805 stig og heimsmeisterinn Viswanathan Anand með 2790 stig en þeir heyja heimsmeistaravígi í apríl. Aðeins fimm hafa náð 2.800 stigum, Garri Kasparov náði hæst allra með 2851 stig, en hann er hættur þátttöku í mótum og stig hans því ekki í gildi.

- pal



GRANDASKIP Vel afllaðist hjá Örfirisey RE og Perney RE. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Verðmæti um tíu milljarðar: Góð aflabrögð hjá HB Granda

SIÁVARÚTVEGUR Aflabrögð hjá togaraflota HB Granda voru með miklum ágætum í fyrra. Alls nam afli togaranna tæplega 47.700 tonn og aflaverðmætið var rúmum 9,3 milljarðar króna.

Til samanburðar má nefna að aflinn nú er lítið eitt meiri en á árinu 2008 er hann var 47.160 tonn. Aflaverðmætið hefur hins vegar aukist um tæpa 2,2 milljarða í krónum talið eða um 30,7 prósent á milli ára.

HB Grandi gerir út fimm frystitogara og þrjú ísfisktogara til veiða. Afli frystitogara nam samtals tæplega 31.900 tonnum og aflaverðmæti þeirra var tæpir 7,5 milljarðar króna á árinu. Ísfisktogararnir voru með samtals 15.800 tonna afla að verðmæti 1,9 milljarðar króna.

- shá

Sendiráðum lokað í Jemen

Bandaríkjastjórn býst við árásum frá Al Kaída í Jemen þar sem samtökin hafa verið í uppbyggingu. Bretar og Bandaríkjamenn hafa lokað sendiráðum sínum þar og aukið stuðning sinn við þarlend stjórnvöld.

JEMEN, AP Sendiráðum Bandaríkja-anna og Bretlands í Jemen hefur verið lokað af öryggisástæðum. Bandaríkjastjórn segist hafa haft veður af áformum Al Kaída um að gera árás á Bandaríkjamenn í landinu, hugsanlega á sendiráðið.

„Við ætlum okkur ekki að taka neina áhættu,“ segir John Brennan, yfirmaður hryðjuverkavarna Hvíta hússins í Washington.

Eftir að nigerískur maður, sem talinn er hafa hlotið hryðjuverkaþjálfun í búðum Al Kaída í Jemen, gerði tilraun til að sprengja upp bandaríska farþegaþotu á jóladag hafa bæði bresk og bandarísk stjórnvöld hert öryggisráðstafanir og hvatt ríkisborgara sína þar í landi til að hafa varann á.

Bæði ríkin hafa einnig aukið verulega fjárstuðning við stjórnina í Jemen, sem á að nota til þess að efla hryðjuverkavarnir lögreglunnar í landinu.

Í tilkynningu frá Bandaríkjamönnum segir ekkert um það hve sendiráðið verður lokað lengi. Bretar hafa ekki ákveðið hvenær sendiráð þeirra verður opnað aftur, en það gæti orðið strax í dag.

Á árinu 2008 voru tvisvar gerðar árásir á sendiráð Bandaríkja-



LEIÐTOGAR AL KAÍDA Í JEMEN Abu Hurayrah Qasim al-Reemi, Said al-Shihri, Naser Abdel Karim al-Wahishi og Abu al-Hareth Muhammad al-Oufi. Þeir al-Shihri og al-Oufi voru báðir í haldi Bandaríkjamanna í Guantanamo á Kúbu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

anna í höfuðborginni Sana. Bandaríkjamönnum er einnig í fersku minni árás á bandaríska herskipið USS Cole í Jemen árið 2000.

Osama bin Laden, leiðtogi Al Kaída, er ættaður frá Jemen. Samtökin virðast hafa verið að færa sig upp á skaftið undanfarid, þótt margt hafi verið óljóst um skipulag þeirra og starfsemi árum saman.

Í Jemen hafa samtökin komið sér upp bækistöðvum. Landið er fátækt og fjöllótt og stjórnvöld hafa lítið eftirlit utan höfuðborgarinnar.

Fyrir ári tilkynntu samtökin um stofnun nýrrar deildar á Arabíuskaga, sem skipuð er meðlimum þeirra frá Jemen og Sádi-Arabíu. Leiðtogi þeirrar deildar er Naser Abdel Karim al-Wahishi,



TUNGUMÁLASKÓLINN Í SANA Nígeríumaðurinn Umar Farouk Abdulmutallab, sem gerði tilraun til að sprengja upp bandaríska farþegaflugvél á jóladag, lagði stund á arabískunám í þessum skóla í höfuðborg Jemens. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jemenbúi sem áður var nákominn Osama bin Laden.

Tveir Sádi-Arabar eru einnig háttsettir í Jemendeild Al Kaída, þeir Sahid al-Shihri og Ibrahim Suleiman al-Rubaish, en báðir voru þeir í haldi Bandaríkjahers í Guantanamo-búðunum á Kúbu þangað til þeir voru látnir lausir, annar árið 2006 en hinn 2007.

gudsteinn@frettabladid.is

HERJÓLFUR
– milli lands og eyja

FÆKKUN FERÐA

Að ósk Vegagerðarinnar verður ferðum Herjólfur fækkað um tvær í viku frá og með 13. janúar og út apríl 2010. Því verður aðeins ein ferð á laugardögum og miðvikudögum á þessu tímabili. Seinni ferðin á þessum dögum verður felld niður og því aðeins siglt kl. 8.15 frá Vestmannaeyjum og 12.00 frá Þorlákshöfn.

Athugið að breytingin tekur gildi miðvikudaginn 13. janúar.

Nánar um siglingaáætlun á herjólfur.is



Básaskersbryggju | 900 Vestmannaeyjar | Sími 481 2800 | Fax 481 2991 | www.eimskip.is | www.herjolfur.is



SUNNUGAGSMORGUNN Þannig leit miðborgin út sunnugagsmorgun einn fyrir skömmu.

Lögregla hvetur fólk til að ganga betur um:

Segir miðborgina vera eins og svínastíu

LÖGREGLUMÁL Ásýnd miðborgar Reykjavíkur minnir meira á svínastíu en stræti og torg manna eftir helgargleðskapinn.

Þetta segir lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, sem hvetur fólk til betri umgengni um borgina.

„Sérhvern morgun um helgar sópa hópar hreingerningamanna upp drasl eftir fullorðið fólk sem átt hefur leið um miðborg Reykjavíkur. Hvarvetna eru brotnar flöskur og glös, tómar bjórdósis, papp- og blaðarúsl, ælur og hland í bland,“ segir lögreglan og biður þetta sama fólk að bæta um betur, losa sig við ruslið í þar til gerðar fötur, nýta útisalarni og reyna í

alla staði að ganga þannig um að til fyrirmyndar geti talist. Þá eru veitingamenn og dyraverðir minntir á að gestum er óheimilt að bera áfengi, til dæmis í glösum og flöskum, út af veitingastöðunum. Benda má á að brothljóði, þegar glös lenda í veggjum og gangstéttum, fylgir mikið ónæði fyrir nálæga íbúa. Lögregla bendir á notkun plastglaða utan dyra. Almenn notkun þeirra myndi án efa koma í veg fyrir alvarlega áverka á allmörgum gestum miðborgarinnar, sem sumir hverjir hafa hlotið alvarlega andlitsáverka þegar þungum glerbjörglögum hefur verið kastað að þeim.

- jss

exquisit

144 cm hárfrystiskápur með 5 skúffum + 1 höf með loki.

- ✓ A orkuflokkur
- ✓ 208 ltr brúttó/183 ltr nettó
- ✓ Hraðfyrsting og hitastillir
- ✓ HxBxD: 144x54,2x60 cm
- ✓ Verð áður kr 84.900

ÞÚ SPARAR 25.000

Verð nú **59.900**

ÞÚ SPARAR 15.000

Verð nú **64.900**

exquisit

133 lítra frystikista í A+ orku-flokki

- ✓ 1 grind fylgir
- ✓ Hitastillir
- ✓ HxBxD: 86x68,5x56 cm
- ✓ Verð áður kr 79.900

1400 SN - 6 KG

ÞÚ SPARAR 30.000

Verð nú **114.900**

1000 SN - 6 KG

ÞÚ SPARAR 20.000

Verð nú **74.900**

ÞÚ SPARAR 25.000

Verð nú **69.900**

AEG

Vinsælasta vélin frá AEG. **1400 snúninga hraðþvottavél** með stafrænu stjórnborði og skjá

- ✓ Tekur allt að **6 kg af tui**
- ✓ **Hraðval** 30-55% tíma-spamaður á algengum kerfum
- ✓ Sérstakt blettakerfi
- ✓ Stórt hurðarop
- ✓ Handþvottakerfi og ullakerfi
- ✓ A/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
- ✓ Verð áður kr 144.900

exquisit

Einföld og vönduð þvottavél með notendavænu stjórnborði.

- ✓ 1000 sn. vinduhráði
- ✓ Tekur allt að **6 kg af tui**
- ✓ Íslenskar leiðbeiningar
- ✓ Handþvottakerfi og ullakerfi
- ✓ A/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
- ✓ Stórt hurðarop
- ✓ Verð áður kr 94.900

exquisit

Uppþvottavél með orkunýtni A og þvottagæði A

- ✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. hraðkerfi og pottakerfi
- ✓ 4 hitastig 45-70°C
- ✓ Tekur borðbúnað fyrir 12 manns
- ✓ Verð áður kr 94.900

ÚTSALA

HEFST Í DAG!

151 CM

ÞÚ SPARAR 25.000

Verð nú **69.900**

144 CM

ÞÚ SPARAR 25.000

Verð nú **59.900**

87 CM

ÞÚ SPARAR 40.000

Verð nú **29.900**

exquisit

- ✓ Rúmmál kælis 139 lítrar
- ✓ Rúmmál frystis 68 lítrar
- ✓ HxBxD: 151x55x58 cm
- ✓ Verð áður kr 94.900

exquisit

- ✓ Rúmmál kælis 171 lítrar
- ✓ Rúmmál frystis 41 lítrar
- ✓ HxBxD: 144x55x58 cm
- ✓ Verð áður kr 84.900

exquisit

- ✓ Rúmmál kælis 114 lítrar
- ✓ Rúmmál frystis 14 lítrar
- ✓ HxBxD: 87x54,5x58 cm
- ✓ Verð áður kr 69.900

Verð nú 3.990 **AFSLÁTTUR 33%**

Brauðrist burstað stál
Verð áður kr. 5.990

Verð nú 5.990 **AFSLÁTTUR 34%**

Vöflujárn stál belgískar vöflur
Verð áður kr. 8.990

VALIN SMÁTÆKI MEÐ 30-70% AFSL.

Verð nú 3.490 **AFSLÁTTUR 42%**

Baðvog örþunn sandbl gler
Verð áður kr. 5.990

Verð nú 3.490 **AFSLÁTTUR 30%**

Gufustraujárn 2000W stálbotn
Verð áður kr. 4.990

Samlokugrill Áður kr. 4.490

Eggjasjóðari Áður kr. 3.990

Blandari 400 ml Áður kr. 4.990

Brauðrist hvít Áður kr. 3.990

Hraðs.kanna Áður kr. 4.990

Eldúsvog 5 kg Áður kr. 4.990

Salt/píparkvörn Áður kr. 4.980

Panna 28 cm Áður kr. 3.990

Blandari/shaker Áður kr. 6.990

EITT VERÐ 2.990

ÞÚ SPARAR 6.000

Verð nú **13.990**

TRISTAR 2400W

TRISTAR

- ✓ 2400W ryksuga með stillanl. sogkrafti
- ✓ Aukahlutapakkí fylgir með parkethaus aukaskáft og snúningsbursta
- ✓ Verð áður kr 19.900

appliance

Innbyggður ofn með blæstri og klukku

- ✓ 4 eldunarkerfi
- ✓ Burstað stál
- ✓ Tvöfalt gler í hurðinni
- ✓ HxBxD: 59,5x59,5x58 cm
- ✓ Verð áður kr. 74.900

ÞÚ SPARAR 15.000

Verð nú **59.900**

exquisit

Keramik helluborð með snertitökkum og barnalæsingu

- ✓ Afliðandi glerkantur
- ✓ Ein extra stór hella
- ✓ Verð áður kr 84.900

ÞÚ SPARAR 15.000

Verð nú **69.900**

Rafha

Opið virka daga 10-18
laugardag 10-17
sunnudag 13-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is



Landsins mesta framboð af Hot Yoga er í Sporthúsinu!

Önnin hefst 11. janúar

Nánari upplýsingar og skráning í síma 564-4050 eða á gunnhildur@sporthusid.is

Eftirfarandi námskeið eru í boði:

90 mín tímar

- 1) **Hot Yoga morgnar I**
hefst mánud. 11. Janúar
Kenn: mán + mið + fös kl: 6.00
Verð: 19.900 kr.
- 2) **Hot Yoga síðdegi**
hefst mánud. 11. Janúar
Kenn: mán + mið + fös kl: 17.30
Verð: 19.900 kr.
- 3) **Hot Yoga kvöld I**
hefst mánud. 11. Janúar
Kenn: mán + mið kl: 20.30
Verð: 14.500 kr.
- 4) **Hot Yoga kvöld II**
hefst þriðjud. 12. Janúar
Kenn: þri + fim kl: 20.00
Verð: 14.500 kr.

ATH! Öll námskeið eru 6 vikur.
Aðgangur að allri aðstöðu og opnum tímum fylgir námskeiðagjaldi.

60 mín tímar

- 5) **Hot Yoga morgnar II**
hefst þriðjud. 12. Janúar
Kenn: þri + fim kl: 6.30
Verð: 12.900 kr.
- 6) **Hot Yoga dagur I**
hefst mánud. 11. Janúar
Kenn: mán + mið kl: 10.00
Verð: 12.900 kr.
- 7) **Hot Yoga hádegi**
hefst þriðjud. 12. Janúar
Kenn: þri + fös kl: 12.00
Verð: 12.900 kr.
- 8) **Hot Yoga dagur II**
hefst þriðjud. 12. Janúar
Kenn: þri + fim kl: 14.00
Verð: 12.900 kr.
- 9) **Hot Yoga kvöld III**
hefst mánud. 11. janúar
Kenn: mán + mið kl: 19.15
Verð: 12.900 kr.

3 stakir Hot Yoga tímar á viku:

- | | | |
|--|--|--|
| 1) 90 mín tími
Þriðjudagar
kl: 18.00 | 2) 90 mín tími
Fimmtudagar
kl: 18.00 | 3) 90 mín tími
Laugardagar
kl: 11.00 |
|--|--|--|

Verð: 1.700 kr./850 kr. fyrir meðlimi Sporthússins

Sporthúsið býður áhugasömum frítt í Hot Yoga dagana 4. – 8. janúar 2010

Það eina sem þú þarft að gera er að mæta á staðinn og prófa ATH! Hver tími er 90 mín og er hámarksfjöldi í tíma 60
Allir velkomnir! Fyrstir koma - fyrstir fá.

Opnir tímar verða sem hér segir:

- | | |
|-----------|-----------|
| 4. janúar | kl: 17.30 |
| 5. janúar | kl: 18.00 |
| 6. janúar | kl: 17.30 |
| 7. janúar | kl: 18.00 |
| 8. janúar | kl: 17.30 |

SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

Sporthúsið - Dalsmára 9-11 Kópavogi - www.sporthusid.is

Kennari : Jóhanna Karlsdóttir
með alþjóðleg kennararéttindi í HotYoga



Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

GLEÐILEGT ÁR!!

**Glænýr
Fiskur**

Að Sjálfsgöðu eigum við
nýjann fisk í allan dag.

**Glænýr
Þorskur**
úr Jökuldýpi

**Glæný
Línuýsa**
úr Jökuldýpi

Gellur og Kinnar

Nýjar og Nætursaltaðar

Plokkfiskur

Nýlagaður

Að hætti Fiskikóningsins

**Nýsteiktar
Fiskibollur**



Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755


110% aðlögun íbúðalána

Landsbankinn býður viðskiptavinum sínum að færa íbúðalán í erlendri mynt og íslenskum krónum niður í 110% veðhlutfall af markaðsvirði eignar sinnar. Erlendum lánum er breytt í verðtryggt eða óverðtryggt íbúðalán í íslenskum krónum.

Úrræðið hentar þeim sem eru með hátt veðhlutfall á eign sinni og þurfa að lækka greiðslubyrði lánsins. Mögulegt er að lækka greiðslubyrðina enn frekar með því að lengja lánstímann.


Viðskiptavinir með íbúðalán geta sótt um 110% aðlögun lána sinna til 1. júlí 2010.

Lækkun höfuðstóls



M.v. 40.000.000 kr. íbúðalán í erlendri mynt til 40 ára

Breyting á greiðslubyrði




M.v. 40.000.000 kr. íbúðalán í erlendri mynt til 40 ára

Aðrar lausnir fyrir heimilið

Höfuðstóllslækkun íbúðalána í erlendri mynt


Viðskiptavinum Landsbankans stendur til boða höfuðstóllslækkun íbúðalána í erlendri mynt. Sú lækkun felur í sér breytingu erlendra íbúðalána yfir í verðtryggt eða óverðtryggt lán í íslenskum krónum til 25 eða 40 ára og getur höfuðstóll þess lækkað um allt að 27%. Vextir verðtryggðra lána eru breytilegir og eru nú 4,8%. Boðið upp á 6% fasta vexti á óverðtryggtum lánum til tveggja ára en að þeim tíma liðnum bjóðast bestu fánlegu íbúðalánavextir bankans.

Lækkun höfuðstóls



M.v. 20.000.000 kr. lán til 40 ára, 50% JPY / 50% CHF

Breyting á greiðslubyrði



M.v. 20.000.000 kr. lán til 40 ára, 50% JPY / 50% CHF


* m.v. verðtryggt lán með 4,8% breytilegum vöxtum og jöfnum greiðslum.

** m.v. óverðtryggt lán með 6% fastum vöxtum og jöfnum greiðslum.

Greiðslujöfnun íbúðalána í erlendri mynt


Viðskiptavinir geta óskað eftir greiðslujöfnun íbúðalána í erlendri mynt. Með greiðslujöfnun lækkar greiðslubyrðin tímabundið og óvissu vegna gengisþróunar er eytt. Lækkun á greiðslubyrði ræðst af samsetningu myntkórfunnar sem lánið miðast við en til lengri tíma litið getur greiðslujöfnun leitt til aukins kostnaðar í formi vaxta og verðbóta.

Breyting á greiðslubyrði



20.000.000 kr. lán til 40 ára, tekið í júlí 2007
40% EUR / 20% USD / 20% CHF / 15% JPY***

Breyting á greiðslubyrði



20.000.000 kr. lán til 30 ára, tekið í júlí 2007
50% CHF / 50% JPY***

*** m.v. 2% vaxtaálag og 1 mánaða LIBOR vexti.

50% endurgreiðsla vaxta - til þeirra sem ekki hafa nýtt úrræði vegna íbúðalána

Til að koma til móts við viðskiptavinum sem ekki hafa þurft að grípa til annarra úrræða en greiðslujöfnunar mun Landsbankinn endurgreiða 50% af vöxtum íbúðalána í íslenskum krónum sem voru til greiðslu í desember. Endurgreiðslan verður lögð inn á reikning viðskiptavina bankans í lok janúar.



Fjárhagsleg hagræðing

Ef fjárhagsleg staða heimilisins er ekki mjög alvarleg getur nægt að endurskoða einstaka útgjaldaliði með þjónustufulltrúa í næsta útibúi.

Endurfjármögnun skammtímalána

Viðskiptavinir geta sótt um að skuldbreyta skammtímalánum en möguleikar á skuldbreytingu eru þó háðir mati á greiðslugetu viðskiptavinar. Gefi mat jákvæða niðurstöðu er skoðað að sameina skuldir í nýja fyrirgreiðslu eða lengja lánstíma.

Eingöngu vaxtagreiðslur í eitt ár

Viðskiptavinir geta sótt um að greiða eingöngu vexti af lánum með veði í íbúðarhúsnæði í allt að 12 mánuði. Ef lán er í vanskilum er skoðaður sá möguleiki að skuldbreyta vanskilunum.

Tímabundin föst greiðsla

Viðskiptavinum býðst að semja við bankann um að greiða fasta greiðslu af íbúðalánum í tiltekinn tíma. Þetta léttir greiðslubyrðina og gefur svigrúm til endurskipulagningar fjármála heimilisins.

Frysting afborgana í allt að þrjú ár

Viðskiptavinum stendur til boða að fresta afborgunum og greiðslu vaxta af íbúðalánum í allt að 3 ár að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ekkert þarf að greiða af lánum þann tíma, en höfuðstóllinn hækkar sem nemur áföllnum vöxtum og verðbótum. Ef viðskiptavinur hefur áður fengið frystingu dregst lengd þeirrar frystingar frá. Ef lán er í vanskilum er sá möguleiki skoðaður að skuldbreyta vanskilunum.

Frestun vegna sölutregðu

Þeir sem eru að byggja eða hafa keypt fasteign en hefur ekki tekist að selja eignina sem þeir áttu fyrir, geta óskað eftir að fresta greiðslu afborgana af höfuðstóli og vaxtagreiðslum af annarri eigninni. Þegar frystingu er aflétt bætast vextir og verðbætur við höfuðstólinn og greiðslubyrðin er umreiknuð.

Sértek skuldaaðlögun

Sértek skuldaaðlögun er ætluð þeim sem eru í verulegum greiðsluerfiðleikum. Hún felur í sér samning milli kröfuhafa og lántaka til þriggja ára. Skuldir sem eru umfram 110% af virði íbúðarhúsnæðis eru felldar niður standi viðkomandi við samninginn.

Opinber greiðsluadlögun

Opinber greiðsluadlögun er ætluð þeim sem hafa leitað annarra tiltækra greiðsluerfiðleikaúrræða sem eru í boði hjá lánastofnunum og sýnt fram á að þau úrræði hafa reynt ófullnægjandi.

Kynntu þér málin vel

Landsbankinn leggur ríka áherslu á að viðskiptavinir kynni sér vel þær fjölmörgu lausnir sem þeim standa til boða. Nánari upplýsingar er að finna á [landsbankinn.is](https://www.landsbankinn.is) eða hjá þjónustufulltrúa í næsta útibúi.

Útibú Landsbankans eru opin frá kl. 11-16 í dag.

SIR ISAAC NEWTON (1643-1727)
FÆDDIST PENNAN DAG

„Við byggjum of marga
veggi og of fáar brýr.“

Sir Isaac Newton var enskur
stærðfræðingur, eðlisfræð-
ingur, stjarnfræðingur, nátt-
úruspekingur og gullgerðar-
maður.



tímamót

timamot@frettabladid.is

BETTA GERÐIST: 4. JANÚAR 1983

Mikið óveður í Reykjavík

Á þessum degi árið 1983 skall á mikið óveður á Suður- og Vesturlandi og þurftu lögregla og björgunarsveitir að koma mörgum til aðstoðar. Hundruð björgunar- og lögreglumanna voru að störfum allan daginn en á höfuðborgarsvæðinu lánuðu björgunarsveitirar bíla sína og annan út- búnað til lögreglunnar þar sem bílafloki lögreglunnar réði ekki við aðstæður. Mikill fjöldi bíla sat fastur og mörg dæmi voru um að fólk þyrfti að bíða eftir aðstoð, fast í bílunum, í margar klukkustundir. Ástandið varð verst á Suðurlandi og lá skólahald þar víðast hvar niðri í tvo daga og mjólkurflutningar fóru úr skorðum. Reykjanesbrautin lokaðist og marga smábíla fennti nánast í kaf í bylnum. Daginn eftir, þann 5. janúar, varð aftur ófært þegar ein dýpst lægð sem sögur fara af gekk yfir landið. Nákvæmlega ári síðar, hinn 4. janúar 1984, gerði



ÓVEÐUR Í REYKJAVÍK

aftur stórvíðri með snjókomu sem olli miklum samgönguferfiðleikum á höfuðborgarsvæðinu með þeim afleiðingum að skólaféll féll niður og vinnustöðum var lokað. Þá varð einnig mikið tjón af völdum sjávarflóða, meðal annars í Sandgerði og á Akranesi.

MERKISATBURÐIR

- 1917 Ríkisstjórn Jóns Magnússonar tekur við völdum og fyrsta íslenska ráðuneytið er sett á flot.
- 1948 Burma öðlast sjálfstæði Landið var áður undir Bretlandi.
- 1958 Sir Edmund Hillary nær á Suðurlandi.
- 1989 Stórbruni verður að Réttarhálsi þegar Gúmminnustofan brennur ásamt fleiri fyrirtækjum í kring. Tjónið nemur rúmlega fjögur hundruð milljónum króna.
- 1994 Samið er við Bandaríkjamenn um samdrátt í rekstri varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.
- 2006 Forsætisráðherra Ísraels, Ariel Sharon, fær hjartaáfall. Ehd Olmert tekur við embættinu.



ÆÐUR Það er stóísk ró og fegurð yfir æðarblikanum.

MYND/JÓHANN ÓLI HILMARSSON.

FUGL VIKUNNAR: ÆÐUR

Algengasti fuglinn við Ísland á veturna

Æðurin er stór kafönd sem heldur sig nær eingöngu á og við sjó og er algengasta önd landsins. Karlfuglinn, blikinn, er skrautlegur, svartur og hvítur, með rauðleita bringu og græna flekki á hnakka. Kvenfuglinn, kollan, er í felulitum eins og flestar andakollur. Æðarfuglinn er sjófugl, einnig á varptíma, en slæðingur verpur við ár og vötn allt að 20 km frá sjó. Hann verpur í byggðum, oft stórum og þéttum, í hólum eða þar sem hann nýtur verndar. Hreiðrið er opið, fóðað með hinum verðmæta duni sem er verðmæt útlutningsvara. Það er oftast staðsett við einhverja mishæð eða í manngerðum varphólfum. Fæðan er kræklingur og önnur skeldýr,

krabbadýr, grásleppuhrogn og fiskúrgangur. Í árlegum vetrarfuglatalningum, sem Náttúrufræðistofnun skipuleggur um land allt á þessum árstíma (talningadagurinn nú er 27. desember) og hafa staðið samfelld frá árinu 1952, er æðurin ávalt algengasti fuglinn. Talið er á um 100 svæðum um land allt, flestum við ströndina og hafa sést milli 50 og 60.000 æðarfuglar í hverri talningu á undanförunum árum. Nánari upplýsingar um talningarnar á vefnum www.ni.is. Á útmánuðum má oft sjá þúsundir æðarfugla í höfnum, sérstaklega þar sem loðnu er landað en fuglinum finnst loðnuhrognin mikið hnossgæti. www.fuglavernd.is



DAVÍÐ SCHEVING. „Ég byrjaði að vinna 21 árs og var á launaskrá á ýmsum stöðum til 78 ára aldurs.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

DAVÍÐ SCHEVING THORSTEINSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI: ER ÁTTRÆÐUR Í DAG

Guð hefur verið þolinmóður og góður við syndaselinn mig

„Blessuð vertu, ég er löngu kominn úr tísku,“ segir Davíð Scheving og þykist varla trúá að verið sé að falast eftir viðtali við hann í tilefni áttaræðisafmælisins. Hann er á leiðinni vestan af Snæfellsnesi, ásamt frúnni, þegar í hann næst í síma. Eins og hjá flestum sem fara um Vesturland er Borgarnes sjálfsagður viðkomustaður og þar tyllir hann sér niður í einni sjoppunni meðan spjallið fer fram. Fyrst er forvitnast um hvað hann hafi verið að gera fyrir vestan. „Hefurðu komið í Stykkishólmi?“ spyr hann á móti. „Jæja, þá hefurðu séð Helgafell. Við erum skrifuð fyrir smá athvarfi í Sauraskógi, næsta bæ við Helgafellið. Það er dásamlegur staður.“

Ísafjörður er fæðingarbær Davíðs og hann kveðst bæði Vestfirðingur og Norðlendingur að uppruna. „En ég var bara fimm mánaða þegar ég fluttist til Reykjavíkur og þar ólst ég upp, nánar tiltekið við Laufásveginn. Þar var og er besta brekkan í borginni og alltaf logn,“ rifjar hann upp. Skólana hafði hann innan seilingar. Austurbæjar-skólann, æfingadeild Kennaraskólans sem var við Laufásveginn og svo MR

þar sem hann setti upp hvíta kollinn 1949. Svo tók atvinnulífið við. „Já, ég byrjaði að vinna 21 árs og var á launaskrá á ýmsum stöðum til 78 ára aldurs,“ upplýsir hann.

Davíð stóð í framleiðslu á íslenskum iðnaðarvörum, fyrst í Smára, Ljóma og Smjörlíkisgerðinni og svo drykkjarvöruverksmiðjunni Sól. Hann er guðfaðir hins sívinsæla Svala sem þar var framleiddur – og er enn, þótt afskiptum Davíðs af fyrirtækinu hafi lokið um miðjan tíunda áratug síðustu aldar. „Svalinn heitir í höfuðið á konunni minni, Stefaníu Svölu Borg,“ segir hann stoltur. Of langt væri að telja upp allar þær stjórnir sem Davíð hefur átt sæti í en nefna má Félag íslenskra iðnrekenda og Vinnuveitendasambandið og hann er í Hugmyndaráðuneytinu sem sett var á fót á síðasta ári til að virkja einstaklinginn og atvinnulífið án þess að hið opinbera blandi sér í það starf. Hann kveðst hafa haft gaman af að vasast í félagsmálum en úr því hafi dregið í seinni tíð. „Nema hvað ég er aðalræðismaður Írlands og hef verið það síðan sjötíu og eitthvað. Þarf til dæmis að útskýra Ice save og aðildar-

umsókn Íslands að Evrópusambandinu fyrir Írum og hef fylgst með umræðum á Alþingi og atkvæðagreiðslum til að geta sett mig inn í málin. Það er nú ekki ófunduvert hlutskipti að hlusta á það sem þar fer fram.“ En hver skyldu helstu áhugamálin vera þegar félagslífinu sleppir? „Þau snúast til dæmis um að keyra vestur á Snæfellsnes og dvelja þar stund og stund. Ég hef líka afskaplega gaman af músík, við vorum að hlusta á Exultate jubilate eftir Mozart í bílnum áðan. Svo les ég talsvert, einkum söguleg skrif. Er núna á kafi í Snorra sem ég hafði með mér í Saura og er búinn með Ragnar í Smára sem var minn yfirboðari í smjörlíkinu í fjörtíu ár. Þetta eru frábærlega góðar bækur.“

Að lokum er Davíð spurður hvað standi upp úr þessum áttatíu árum og þarf engan umhugsunarfrest. „Það er hvað ég hef verið lánssamur og hvað Guð hefur verið þolinmóður og góður við syndaselinn mig. Ég hef hestahælsu, á góða konu og 19 afkomendur sem allir eru yndislegir. Ég er lukkunnar pampfíll.“

gun@frettabladid.is



SUNDLAUG AKUREYRAR Grunnskólabörn á Akureyri fá frítt í sund frá áramótum.

Börnin fá frítt

Frá áramótum fá grunnskólabörn á Akureyri frítt í sundlaugar bæjarins eftir því sem norðlenski fréttamiðillinn Vikudagur greinir frá. Því mun verða um tólf prósentum ódýrara fyrir fjögurra manna fjölskyldu að fara í sund á nýju ári.

Frá þessu sagði Ólafur Jónsson, formaður Íþróttaráðs, í hófi sem Afreks- og styrktarsjóður Akureyrar stóð fyrir í Íþróttahöllinni nýlega. Áður kostaði 100 krónur fyrir börn í sund.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



ENDURNÝIÐ UPPÞVOTTABURSTANN Tveir hlutir eru oft í hræðilegu ásigkomulagi í eldhúsum fólks en það eru uppþvottahansarnir og uppþvottaburstinn. Þeir fá yfir sig alls kyns skít og drullu en alltof sjaldan er hugað að því að þrifa þá almennilega eða veita þeim sómasamlega blessun og dauðdaga og kaupa nýtt sett. Um áramót er gott að huga að þessu.

ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Pórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



TAI CHI

10 vikna námskeið hefst 11. janúar
Kennnt á mánudögum og miðvikudögum
í Safamýrarskóla, Safamýri 5



Leiðbeinendur:
S. Hafdís Ólafsdóttir - Svanlaug Thorarensen
Skráning: s.: 861 59 58 - hafdis@slf.is - svanlaugt@simnet.is



Rope Yoga

Námskeið hefst 4. janúar

Við bjóðum upp á átta byrjendanámskeið, eitt lyftingarnámskeið og ástundunartímarnir verða áfram eins og áður.

Elin Sigurðardóttir
Rope Yoga Meistarakenari
Íþróttafraeðingur

Rope Yoga • elin.is • Bæjarhrauni 2 Hfj. • Sími: 696 4419

Auglýsingasími

512 50 50

Mest lesið



Július er nú eldheitur aðdáandi Soda Stream-tækisins sem börnin gáfu honum í jólagjöf og liggur nú í vatninu.

FRÉTTABLAÐ/VALLI

Straumlínulaga hönnun sem gefur kolsýrt vatn

Július Brjánsson fékk nýlega að gjöf tæki sem gefur vatni gosbólur og er nú uppáhaldið hans í eldhúsinu. Lengi vel var hann hatrammur andstæðingur þeirra og kallaði eigendur þeirra smáborgara.

